

Nd.

545. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Tryggva Þórhallsyni.

Á undan frumvarpsgreininni kemur ný grein (1. gr.), svo látandi:

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða i lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.